

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um nýtt upplag af sálma- **69**
 bókinni, vil jeg tjá yður það, sem nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar 31. maí.
 fyrir hlutaðeiganda.

Jeg álit það ekki ráðlegt að selja hvorki Einari Þórðarsyni nje neinum öðrum forlagsrjettinn allan að sálma-
 bókinni, þar á móti er jeg fús á að selja Einari rjett til að halda áfram og gefa út á eigin kostnað það 1400 exemplara upplag af bók þessari, sem hann samkvæmt brjefi sínu frá 22. f. m. er byrjaður á, ef hann vill borga lands-
 sjóði 100 kr. fyrir þann rjett. Rjetturinn til þess að gefa út þetta 1400 expl. upplag verður seldur með þeim skilyrðum, að upplagið verði fullprentað fyrir útgöngu júlímán-
 aðar þ. á., að hvert exemplar bókarinnar verði ekki selt dýrara en 1 kr. 25 a., og að bókin verði vel og vandlega úr garði gerð.

— Brjef landshöfðingja til biskups um flutning á kirkju. — Með því að hlutað- **70**
 eigandi sóknarnefnd með samþykki hjeradsfundar Snæfellsness-prófastsdæmis hefir farið 8. júní.
 fram á, að Laugarbrekkukirkja í tjeðu prófastsdæmi verði flutt þaðan, sem nú er hún, að Hellnum, vil jeg með ráði yðar, herra biskup í brjefi frá 27. apríl þ. á. og samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880 (A. 3) um skipun prestakalla, hjer með samþykkja þenna flutning.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um **71**
 efling búnaðar. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður frá 15. júní.
 30. f. m., hefi jeg samkvæmt tillögum amtsráðsins samþykkt, að 2000 kr. þeim, sem af fje því, er veitt er með 9. gr. C. 4. fjárlaganna til eflingar búnaði, tilfalla búnaðarfjelögum og sjóðum í norður- og austurumdæminu fyrir yfirstandandi ár, verði skipt milli þeirra, sem næst verða má þeirri reglu, að hvert þessara búnaðarfjelaga fái eptir því meiri eður minni styrk, sem fjelagið framkvæmir á þessu sumri meira eða minna af þarflegum og varanlegum jarðabótum.

Skiptingin mun samkvæmt þessu fara fram, þegar viðkomandi búnaðarfjelög, er óska að koma til greina við skiptinguna, hafa innan 15. september þ. á. sent amtsráðinu skýrslu um framkvæmdir sínar á þessu sumri, og amtsráðið þar eptir hefir með pósti þeim, er fer frá Akureyri 27. s. m., sent skýrslurnar hingað með álitu sínu og tillögum.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, og skal því við bætt, að jeg samkvæmt tillögum amtsráðsins hefi af hinum helmingnum af fje því, er ræðir um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna, veitt sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu 200 kr. styrk til launa handa ferðandi búfræðingi Jósepi Björnssyni fyrir yfirstandandi ár, og hefi jeg í dag tilkynnt sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu þetta.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. — Eptir **72**
 að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 20. apríl þ. á. 30. júní.
 og samið útaf því allraþegnlegastar tillögur, hefir hans hátígn konunginum þóknast 27.

Hinn 18. ágúst 1881.

72 p. m. allramildilegast að samþykkja, að selja megi kirkjujörðina Hörgsdal tilheyrandi 30. júní. Helgastaðaprestakalli í Skútustaðahrepp í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands að jarðaskiptum fyrir jörðina Laugasel í Helgastaðahrepp sama staðar, þannig að hin fyrnefnda jörð sje framvegis álitin sem bændaeign með tilliti til allra gjalda, en aptur á móti sæti hin síðarnefnda jörð sömu kjörum, sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Auglýsing.

73
12. júlí.

Í júlímánuði 1879 fór gufuskipið *Jeanette* frá vesturheimi til norðurlandsins og hefir síðan ekkert til þess spurzt. Það hafði reiða eins og barkskip, bar 420 registertons, risti fremur djúpt og var langt til að sjá. Það var skarpt í botninum, kinnungarnir að framan lagðir með þykkum járnlangjum, há káhetta aptan á skipinu.

Hafi nokkur orðið var við þetta skip eða brot úr því, er hann beðinn að senda hingað sem fyrst skýrslu um það, og hefir stjórn Bandaríkjanna í vesturheimi heitið verðlaunum fyrir sjerhverja þá fregn, sem getur leitt til að fá áreiðanlega vissu um, hvað orðið hefir af skipinu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 12. júlí 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

74 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrktarsjóð Örms og 15. júlí. Wulffs. — Með brjefi frá 18. júlí 1874 var yður, herra landshöfðingi, send staðfesting konungs á gjafabrjefi Örms og Wulffs í minningu 1000 ára hátíðar Íslands og var með því stofnaður 3000 kr. styrktarsjóður handa Suðurþingeyjar og Norður- og Suðurmúla-sýslum, er heitir «styrktarsjóður Örms og Wulffs».*

Í sambandi hjer við er nú sendur reikningur fyrir innstæðu styrktarsjóðsins og mun þóknanlega sjást af honum, að sjóðurinn nú á 4000 kr. í konunglegum 4% skulda-brjefum og 20 kr. 75 a. í peningum, þannig að skilyrðin í 4. gr. skipulagsskrárinna fyrir, að styrktarsjóðurinn komist í fullt gagn, nú eru fyrir hendi. Ráðgjafinn hefir því hlutast til um, að skuldabrjefin hafi verið rituð í bækur fjárhagsstjórnarinnar sem eign hins nefnda sjóðs þannig, að vextirnir greiðist í júnígjaldþaga ár hvert úr jarðabókar-sjóði Íslands til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, og hafa þar að auki hinar nefndu 20 kr. 75 a. verið greiddar í aðalfjehirsluna gegn útborgun á sömu upphæð úr jarðabókar-sjóði Íslands. Um leið og viðkomandi innritunar-skírteini litra G. fol. 1130 að upphæð 4040 kr. nú er sent yður, skal þjónustusamlega skorað á yður að afhenda það amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, og að hlutast til um að fyrnefnd peningaupphæð, 20 kr. 75 a., verði greidd honum, svo að hann í sameiningu við verzlunarstjóra Örms og Wulffs í Húsavík geti samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinna tekið að sjer stjórn sjóðsins.

75 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um giptingarleyfi. — Með 15. júlí. þóknanlegu brjefi frá 30. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað allra

*) Skipulagsskrá þessa sjóðs er prentuð í stjórnartíðindum 1875 B. 25. bls. 24—25.